

# Slysatrygging launþega

## HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

**Félagið:** Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

**Váttryggingartaki:** Sá sem gerir hópsamning við félagið.

**Váttryggður:** Sá einstaklingur sem váttryggingin tekur til.

**Váttryggingaratburður:** Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

**Váttryggingarskírteini:** Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

**Aðalgjaldlagi:** Aðalgjaldlagi váttryggingarinnar er 1. janúar hvert ár, nema um annað sé samið.

## 1. GR. INNGANGUR

Váttrygging þessi er hóprtrygging vegna kjarasamningsbundinna réttinda þar sem kveðið er á um slysatryggingu launþega. Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, kjarasamningur þar sem kveðið er á um slysatryggingu launþega sem váttryggingarsamningur milli félagsins og váttryggingartaka byggir á og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 2. GR. VÁTTRYGGINGASVIÐ

Félagið greiðir bætur vegna slyss sem váttryggður verður fyrir eins og greinir í skilmálum þessum, kjarasamningi, váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannarlega án vilja hans.

Bætur greiðast því aðeins að slysið sé aðalorsök þess að váttryggður deyr eða missir starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti.

## 3. GR. HVAR VÁTTRYGGINGIN GILDIR

Váttryggingin tekur til slyss sem váttryggður verður fyrir við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili sínu til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef váttryggður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis kemur viðlegustaður í stað heimilis, en váttryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

Veiti kjarasamningur sá, sem slysatrygging samkvæmt váttryggingarskilmálum þessum byggir á, rými rétt en getið er um í 1. mgr. skal ákvæði kjarasamnings ganga framar.

Váttryggingin gildir í ferðum váttryggðs innanlands og utanlands sem farnar eru á vegum váttryggingartaka. Ef váttryggður dvelst vegna starfs síns að jafnaði utan EES (Evrópska efnahagssvæðisins) lengur en í sex mánuði ber að tilkynna það félaginu skriflega, sbr. og 1. mgr. 6. gr.

## 4. GR. GILDISTÍMI OG ALDURSTAKMÖRK

Ábyrgð félagsins hefst á útgáfudegi váttryggingarinnar. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem er tilgreint í váttryggingarskírteini eða tilkynningu um aðalgjaldlagi. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjaldlagi hins nýja tímabils. Ekki er þó skylt að tilkynna um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Uppsögn samningsins skal vera skrifleg.

Váttryggingin tekur gildi gagnvart hverjum og einum váttryggðum um leið og hann hefur störf og fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum. Váttryggingin gildir einnig í launalausum leyfi nema

starfsmaður taki á tímabilinu launað starf hjá öðrum aðila, þó aldrei lengur en í eitt ár frá því að launalaus leyfið hefist.

Bætur sem greiddar eru samkvæmt váttryggingu þessari skulu taka mið af aldri tjónþola á slysdegi þannig að bætur lækki um 2% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur og 5% fyrir hvert aldursár eftir 70 ára aldur. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

Á 51. ári = 98%	á 61. ári = 78%	á 71. ári = 55%
á 52. ári = 96%	á 62. ári = 76%	á 72. ári = 50%
á 53. ári = 94%	á 63. ári = 74%	á 73. ári = 45%
á 54. ári = 92%	á 64. ári = 72%	á 74. ári = 40%
á 55. ári = 90%	á 65. ári = 70%	á 75. ári = 35%
á 56. ári = 88%	á 66. ári = 68%	á 76. ári = 30%
á 57. ári = 86%	á 67. ári = 66%	á 77. ári = 25%
á 58. ári = 84%	á 68. ári = 64%	á 78. ári = 20%
á 59. ári = 82%	á 69. ári = 62%	á 79. ári = 15%
á 60. ári = 80%	á 70. ári = 60%	á 80. ári = 10%

## 5. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Fyrsta iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjaldlagi við gildistöku váttryggingarinnar sbr. 4. gr. Endurnýjunariðgjald fellur í gjaldlagi á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.

Iðgjöld skulu greidd á gjaldlagi. Greiðslufrestur er minnst 30 dagar frá því að félagið sendi kröfu um greiðslu iðgjalds. Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingarsamningi með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjaldlagi. Í því tilviki skal váttryggingartaki hafa 14 sólarhringa frest til þess að greiða ógreitt iðgjald, en að öðrum kosti fellur tryggingin úr gildi. Falli váttryggingin niður vegna vanskila skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtíma-tryggingu hafi verið að ræða.

Í upphafi hvers váttryggingartímabils skal áætla iðgjald samkvæmt upplýsingum frá váttryggingartaka um áætlaðan fjölda váttryggðra starfsmanna. Váttryggingartaka er skylt að láta félaginu í té, innan tveggja mánaða frá lokum váttryggingartímabilsins, allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar iðgjaldsákvörðunar. Sé sú upplýsingaskylda vanrækt ákvarðar félagið endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjamt. Ef hið endanlega iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjaldið sem greitt var í upphafi váttryggingartímabils ber váttryggingartaka að greiða mismuninn innan viku frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að niðurstaðan lá fyrir.

## 6. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur heimild til þess að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. váttryggingarsamningalaga.

Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan, sbr. 120. gr. váttryggingarsamningalaga.

## 7. GR. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLYSS

Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublaðum félagsins ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

Látist váttryggður af slysförum skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.

Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða þann sem tryggður er.

Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð. Félagið greiðir fyrir þau læknisvottorð sem aflað er að beiðni þess.

Sá sem rétt á til bóta úr váttryggingunni glatar þeim rétti ef ekki er gerð krafa um bætur innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. váttryggingarsamningalaga.

## 8. GR. VARANLEGT HEILSUTJÓN

Valdi slys þeim sem váttryggður er varanlegu heilsutjóni (nefnd varanleg örorka í kjarasamningi) innan þriggja ára frá því að slysið varð greiddast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum um miskastig sem gefnar eru út af örorkunefnd, sbr. 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Skal matið miðast við heilsufar váttryggðs eins og það er þegar það er orðið stöðugt. Heilsutjónið (örorkan) skal aldrei metið til fleiri stiga en 100 vegna afleiðinga hvers tjónsatviks.

Um váttryggingarfjárhæð og ákvörðun bóta fyrir varanlegt heilsutjón fer nánar eftir því sem greinir í viðkomandi kjarasamningi.

Örorkubætur eru eingreiðsla. Örorkubætur greiddast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina nema öðruvísi sé mælt fyrir um í kjarasamningi, sbr. og aldurstakmarkanir í 4. gr. skilmála þessara. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku ber að styðjast við afleiðingar þess slyss sem er bótaskyld undir váttryggingunni. Við útreikning örorkubóta skal ekki tekið tillit til örorku sem var til staðar fyrir slysið, þ.e.a.s. váttryggingin bætir ekki örorku sem er til kominn vegna atburða sem áttu sér stað áður en váttryggður gekk í hópinn.

Við ákvörðun örorkubóta skal fylgt eftirfarandi reglum:

- Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið.
- Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi hins slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningalaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- ef váttryggður andast áður en varanlegt heilsutjón er metið, greiddast engar bætur fyrir slíkt tjón,
- slys sem eingöngu valda lýti eru ekki bótaskyld.

## 9. GR. SLYS VIÐ ÍPRÓTTAÐKUN

Váttryggingin nær til slysa er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum váttryggingartaka eða stafsmanafélags hans, nema kjarasamningur veiti rýmri rétt. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans.

## 10. GR. DÁNARBÆTUR

Valdi slys dauða váttryggðs innan þriggja ára frá slysdegi greiddast réttihafa dánarbætur að frádregnum bótum sem félagið hefur þegar greitt fyrir varanlegt líkamstjón, sbr. 9. gr., vegna sama slyss.

Um rétt til greiðslu bóta fer eftir því sem nánar greinir í kjarasamningi þeim sem gildir um starf váttryggðs, váttryggingarsamningi og reglum XV. kafla váttryggingarsamningalaga.

## 11. GR. VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐIR OG GREIÐSLA BÓTA

Váttryggingarfjárhæðir eru samkvæmt samningi um váttrygginguna milli váttryggingartaka og félagsins eða gildandi kjarasamningi þar sem við á. Þar er jafnframt kveðið á um reglur varðandi vísitölubindingu váttryggingarfjárhæða og bótafjárhæða.

Greiðsla bóta miðast við váttryggingarfjárhæð á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til uppgjörsdags.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu, m.a. matsgerð lögð fram, og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

## 12. GR. TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU FÉLAGSINS

Váttryggingin tekur ekki til:

- Slysa sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
- slysa sem verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, sviffugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífartökki,
- slysa sem verða í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætluðum eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda,
- slysa er váttryggður verður fyrir í handalögmálum,
- slysa sem váttryggður verður fyrir við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfing- og eiturlyfja eða í öðrum, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þess og slyssins,
- slysa sem verða vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss,
- slysa sem orsakast af matareitrun eða drykkjareitrun,
- slys sem orsakast af neyslu vímuefna,
- slysa vegna eitraðra lofttegunda nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs,
- slysa vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira af völdum hryðjuverka.

Valdi váttryggður váttryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. váttryggingarsamningalaga.

Ef atvik sem að jafnaði myndu falla undir b., c., d. eða g. lið 1. mgr. eru hluti af atvinnuáhættu starfsmanna eða tiltekins hóps starfsmanna getur váttryggingartaki samið svo um að váttryggingin taki einnig til slíkrar áhættu. Skal váttryggingartaki þá veita félaginu nauðsynlegar upplýsingar svo það geti metið áhættuna og ákveðið iðgjaldið.

**13. GR. TAKMÖRKUN Á BÓTASKYLDU VEGNA SLYSA SEM ERU BÓTASKYLD ÚR LÖGBOÐNUM ÖKUTÆKJATRYGGINGUM.**

Ekki greiðast bætur úr váttryggingunni vegna slysa sem hlotist hafa af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og eru bótaskyld úr lögboðnum ökutækjetryggingum, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum. Sama gildir ef bótaréttur hefur stofnast á grundvelli lagareglna og annarra stjórnvaldsreglna um ábyrgð vegna tjóna af völdum óváttryggðra og óþekktra ökutækja.

**14. GR. TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU VEGNA NÁTTÚRUHAMFARA**

Ef jarðskjálfti, eldgos, flóð, skriðuföll eða aðrar náttúruhamfarir valda slysi á mörgum einstaklingum sem váttryggðir eru í slysatryggingu launþega í einum og sama atburði, takmarkast heildarbætur félagsins við kr. 600.000.000,- og skiptast bætur hlutfallslega á milli bótaþega. Fjárhæð þessi miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í febrúar 2008 (282,6 stig) og hækkar í byrjun hvers almanaksárs í réttu hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölunni.

Takmörkun sú á bótaskyldu, sem um getur í 1. mgr. gildir þó að hinir slösuðu séu ekki launþegar sama váttryggingartaka.

**15. GR. IÐGJALDABREYTINGAR, BREYTINGAR Á FJÁRHÆÐ OG RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM**

Félagið áskilur sér rétt til að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum í samræmi við 133. gr. laga nr. 30/2004.

**16. GR. FYRNING**

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fyrnast samkvæmt reglum 125. gr. váttryggingarsamningalaga.

**17. GR. MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA**

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Ágreining varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is). Meðferð máls fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

**18. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆÐILEGRA AÐGERÐA**

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skv. 141. gr. váttryggingarsamningalaga innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu, sbr. 2. mgr. 124. gr. váttryggingarsamningalaga.

**19. GR. VARNARÞING**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.